



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

---

**Ofbeldi gagnvart löggreglumönum**

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

*Júlí 2010*

## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
Rannsóknir á ofbeldi gegn lögreglumönnum .....	4
Kannanir meðal lögreglumanna .....	5
Hvað segja þessar rannsóknir okkur?.....	7
Fjöldi lögreglumanna 2007–2010.....	8
Fjöldi skráðra brota gegn valdstjórninni .....	9
Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum .....	10
Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni .....	11
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt .....	11
Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum .....	12
Ferill ofbeldisbrota og hótana í málaskrá lögreglu.....	12
Ferill ofbeldisbrota og hótana í málaskrá ákærvalds .....	13
Áverkar lögreglumanna við skyldustörf – slys og ofbeldisbrot .....	13
Fjöldi ofbeldismála þar sem sérsveit er kölluð á vettvang til aðstoðar.....	15
Valdbeitingartæki og öryggisbúnaður .....	16
Varnarvesti .....	16
Rafstuðtæki .....	16
Kaup á búnaði, þjálfun og rannsóknir .....	17
Niðurstöður og tillögur .....	18

## Formáli

Hinn 1. júlí sl. fól dómsmála- og mannréttindaráðuneytið embætti ríkislögreglustjóra að gera úttekt á ofbeldi gegn löggreglumönnum og koma með tillögur eða gera viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi löggreglumanna. Í erindi ráðuneytisins er m.a. óskað eftir upplýsingum um fjölda ofbeldisbrota og stöðu málanna í refsivörslukerfinu; um búnað löggreglunnar og hvort nauðsynlegt sé að bæta hann; um fjölda löggreglumanna og hvort löggreglan sé of fáliðuð til að mæta ofbeldismönnum í samfélagini. Jafnframt óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um hvort löggreglumenn sem hafa verið þolendur ofbeldis við skyldustörf hafi hlotið varanlegan skaða.

Í þeiri greinargerð sem hér fylgir má finna upplýsingar um þetta efni. Á undanförnum árum hefur embætti ríkislögreglustjóra unnið að rannsóknum á ofbeldi gegn löggreglumönnum auk þess sem það hefur staðið fyrir könnunum meðal löggreglumanna um þessi mál. Viðamestu rannsóknina gerði embættið árið 2007. Í henni er að finna ítarlegar upplýsingar áratug aftur í tímann um fjölda brota gegn valdstjórninni þar sem sérstök áhersla var lögð á að greina ofbeldisbrot gegn löggreglumönnum, hótanir gegn löggreglumönnum, brot sem felast í því að fyrirmælum löggreglu er ekki hlýtt og banni við að tálma mann sem sinnir löggreglustarfi.

Í greinargerðinni má sjá yfirlit yfir stöðu þessara málá í löggreglukerfinu og málaskrá ákærvaldsins en þær upplýsingar gefa vísbindingu um feril málanna í refsivörslukerfinu. Skoðaðar eru nánar tölur fyrir síðastliðin þrjú ár auk þess sem þær eru bornar saman við upplýsingar úr eldri rannsóknum. Lagt er mat á það hvort ofbeldi gegn löggreglumönnum hafi farið vaxandi á allra síðustu árum. Upplýsingar um fjölda löggreglumanna og ársverk síðastliðin fjögur ár hafa verið teknar saman. Samkvæmt þeim tölum hefur löggreglumönnum fækkað en það kann að vera skýringarþáttur á auknu öryggisleysi einstakra löggreglumanna. Embætti ríkislögreglustjóra hefur á undanförnum árum leitast við að auka öryggi löggreglumanna á sama tíma og löggreglumönnum hefur fækkað. Ef litíð er til fjölda brota gegn valdstjórninni á allra síðustu árum, samkvæmt málaskrá löggreglunnar og boríð saman við sl. áratug, er ekkert sem bendir til þess að tíðni slíkra brota sé að aukast.

Á Bylgjunni og í fleiri fjölmödlum 1. þ.m. kom fram að á síðasta ári hefðu 38 löggreglumenn hlotið varanlegan skaða og 29 árið 2008 vegna ofbeldis sem þeir urðu fyrir við skyldustörf. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi löggreglumanna leita löggreglumenn sem verða fyrir skaða til Gylfa Thorlacius, lögmanns Landssambands löggreglumanna. Ríkislögreglustjóri, í samráði við sambandið, leitaði því til Gylfa um að fá upplýsingar um alla löggreglumenn sem hlutu varanlegan skaða vegna ofbeldis er þeir urðu fyrir við skyldustörf á árunum 2008 og 2009.

Ein besta leiðin til þess að draga úr líkum á meiðslum er sú að löggreglumenn séu vel þjálfaðir og að þeir séu búin réttum tækjum til þess að bregðast við aðstæðum á vettvangi. Þá vegur stuðningur sérsvitar ríkislögreglustjóra hér miklu. Þar kemur bæði til að sérsvitarmenn eru í framvarðarsveit þegar bregðast þarf við haettulegum og erfiðum einstaklingum, s.s. við handtökur og húisleitir. Jafnframt veita þeir almennum löggreglumönnum stuðning með því að vera í námunda við vettvang þar sem almennir löggreglumenn fara í óviss útköll, svo sem í heimahús þar sem grunur leikur á að ofbeldi hafi átt sér stað. Fjölgun sérsvitarmanna frá því sem áður var hefur því aukið öryggi almennra löggreglumanna og eru þeir viðbót við hina almennu löggreglu í umdæmunum. Í lok þessarar greinargerðar eru lagðar fram tillögur til úrbóta.

Reykjavík, 12. júlí 2010

Guðmundur Guðjónsson

Jónas Ingi Pétursson

Pétur Berg Matthíasson

Ólafur Örn Bragason

## Rannsóknir á ofbeldi gegn lögreglumönnum

Ofbeldi gegn lögreglumönnum hefur verið mikið í umræðunni síðastliðinn áratug. Embætti ríkislögreglustjóra gerði samantekt um ofbeldi gegn lögreglumönnum árið 2001. Markmið samantektarinnar var að skoða aðdraganda atvika, skráningu mála og meðferð þeirra og leggja til úrbætur sem miða að því að draga úr slíkum tilvikum. Um 75% mála áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu en önnur mál dreifðust nokkuð jafnt á aðra landshluta. Upptök ofbeldisins mátti í flestum tilvika rekja til þess að fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt, eða í 49 tilvikum af 81. Þá var um fyrirvaralausa árás að ræða í 16 tilvikum og í átta tilvikum afskipti af störfum lögreglu. Flestir þeirra 98 einstaklinga sem kærðir voru vegna ofbeldis gegn lögreglu voru karlar á aldrinum 13 til 29 ára. Fæstum málanna var lokið á þeim tíma er samantektin var gerð en flest mál voru í ákærumeðferð (27), höfðu verið lögð upp (21) eða rannsókn verið hætt (16).

Í lok skýrslunnar voru þrjár tillögur um úrbætur lagðar fram. Sú fyrsta var að bæta við brotaflokkum í málaskrá lögreglu til samræmis við lögreglulög (að fyrirmælum lögreglu sé ekki hlýtt og að enginn megi tálma mann að gegna lögreglunarfi). Önnur tillagan var að gefin yrðu út fyrirmæli um skoðun læknis hlyti lögreglumaður áverka, því áverkavottorð telst til sönnunargagna og á að liggja fyrir. Priðja tillagan var sú að gæta þyrfti nákvæmni við skýrslugerð. Brot á 106. og 107. grein almennra hegningarlaga krefjast ásetnings geranda og því þarf að huga vel að atvikalýsingu í lögregluskyrslum.

Með bréfi dómsmálaráðherra til ríkislögreglustjóra dagsettu 23. desember 2005 kemur fram að Landssamband lögreglumanna hafi vakið athygli ráðuneytisins á því að afleiðingar af á lagi og streitu vegna ábyrgðar í starfi lögreglumanna séu vaxandi áhyggjuefn sambandsins og félagsmanns þess. Þá kemur fram að störf lögreglumanna séu sífellt að verða flóknari auk þess sem starfsumhverfi þeirra sé harðneskjulegra en áður vegna skipulagðrar glæpastarfsemi. Ráðuneytið óskaði m.a. eftir því að embættið gerði úttekt á rannsóknum lögreglu á meintum brotum á 106. gr. almennra hegningarlaga og eftir atvikum legði fram tillögur um úrbætur. Embætti ríkislögreglustjóra gerði samanburð á brotum gegn 106. og 107. gr. almennra hegningarlaga milli áranna 2001 og 2004. Þegar ferill mála var skoðaður kom í ljós að fæst málanna fóru í ákærumeðferð til Ríkissaksóknara eða 25% mála árið 2001 og 31% árið 2004. Í flestum tilvikum var rannsókn hins vegar hætt á einhverju stigi málsmeðferðar eða í 64 og 65% tilvika.

Athygli vakti að í hlutfallslega fleiri tilvikum voru engir áverkar skráðir árið 2004 en árið 2001 eða í 49% tilvika árið 2001 og 64% tilvika árið 2004. Í svari embættisins var m.a. vakin athygli á því sem fram kemur í samantekt Landssambands lögreglumanna frá því í nóvember 2005 um uppkveðna dóma í ofbeldismálum gegn lögreglumönnum að einungis í tveimur þeirra af 21 voru brot gegn öðrum opinberum starfsmönnum en lögreglumönnum. Þetta háa hlutfall skýrist væntanlega að mestu vegna eðlis þess starfs sem lögreglumenn gegna og þá einkum þeim valdbeitingarheimildum sem lögreglan hefur og þarf oft að grípa til í starfi sínu. Enn fremur var bent á það að lögreglumenn virðast hafa algjöra sérstöðu meðal opinberra mála varðandi þörf fyrir þá refsivernd sem ákvæði 206. gr. veitir eða er ætlað að veita. Þá var vakin athygli á „virkni“ ákvæðisins og meðferð málanna í réttarvörslukerfinu því nánast undantekningarlaust væru mál felld niður ef meiðsli hefðu ekki hlotist af broti.

Árið 2007 gerði embætti ríkislögreglustjóra aftur samantekt á skráðum brotum í málaskrá lögreglu. Um mjög viðamikið verkefni var að ræða þar sem tímabilið 1998–2005 var til athugunar. Helstu niðurstöður voru:

- Tilkynnt var um alls 685 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum (106. gr. hgl.) á árunum 1998–2005.
- Ekki er munur á fjölda brota eftir mánuði, en brotin gerast aðallega að nóttu til um helgar.
- Upphof brotanna má í flestum tilvikum (35%) rekja til deilna, í 33% til óspekta á almannafæri og í 12% til umferðarárafskipta.

- Löggreglumenn urðu oftast fyrir ofbeldi við óspektir á almannafæri (32% tilvika), við samskipti á umráðasvæði löggreglu (25% tilvika) og við deilur einstaklinga (20% tilvika). Meirihluti ofbeldisins átti sér stað á sama vettvangi og verkefnið byrjaði. Ef ofbeldið átti sér stað annars staðar var það yfirleitt á umráðasvæði löggreglu.
  - Árásaraðferðir voru margs konar. Löggreglunni var a.m.k. hótað í 18% tilfella, a.m.k. spaskað í hana í 14% tilvika og hún a.m.k. kýld í 11% brota.
  - Í 14% brota kom vopn fyrir. Vopnið var eggvopn í 34% tilfella, í 33% var það barefli, í 19% tilfella ökutæki og í 15% tilfella „annað“. Í einu tilviki á tímabilinu var vopnið skotvopn. Það var árið 2001 en þá var löggreglumannni ógnað með skammbyssu.
  - Löggreglan hlaut áverka eftir árás í 39% brota ef litið er til alls tímabilsins. Er löggreglumenn urðu fyrir ofbeldi við afskipti af gangandi vegfaranda hlutu þeir í rúmlega helmingi tilvika áverka og ef þeir urðu fyrir ofbeldi á umráðasvæði sínu hlutu þeir í 48% brota einhverja áverka. Algengast var að löggreglumenn fengju nokkra áverka þegar árásin var óvænt, eða í 6% þeirra tilvika.
  - Á tímabilinu voru í flestum tilvikum fleiri aðilar á vettvangi en árásaraðili en fjöldi árásarmanna var þó oftast aðeins einn (í 76% brota). Í um 10% tilvika var fjöldi árásarmanna þrír eða fleiri.
  - Árásarmaður var ólvaður í 83% þessara brota, allsgáður í 7% brota, undir áhrifum áfengis og fíkniefna í 4% tilvika, og einungis fíkniefna í þremur prósentum.
  - Í 65% brotanna var ekki búið að handtaka einstakling þegar árás varð. Í fjórðungi tilvika var búið að handtaka einstakling og í níu prósentum tilvika var verið að handtaka einstaklinginn þegar hann gerði árás.
  - Á árunum 2000–2005 voru 479 einstaklingar kærðir 516 sinnum fyrir ofbeldi gegn löggreglumannni. Flestir voru aðeins kærðir einu sinni (87%), tæp 11% voru kærð fyrir tvö slík brot og tæp 2% fyrir þrjú brot. Líkt og í öðrum ofbeldisbrotum voru karlar í miklum meirihluta kærðra (87%). Meðalaldur þeirra karla sem voru kærðir var tæp 27 ár en tæp 24 hjá konum.
- Rannsókn var hætt í um 26% málanna (76. gr. hgl.) á tímabilinu 2000–2005 en um fimm tungur þeirra fór áfram í ákærumeðferð. Um 58% þeirra mála var lokið með dómi, annaðhvort í Hæstarétti eða héraðsdómi. Málsmeðferðartími milli ára hefur sveiflast nokkuð síðustu ár.
- Athyglisvert er að ekki fundust nein tengsl á milli alvarleika áverka sem löggreglan fékk og hvort málið fékk ákærumeðferð. Líkt og í öðrum brotaflokkum virðast aðrir þættir skipta meira máli við ákvörðun um slíkt, t.d. styrkleiki sönnunargagna.

### Kannanir meðal löggreglumanna

Ein viðamesta rannsóknin á þessu svíði var gerð árið 2004 (Félagsvísindastofnun, 2004). Þar kom fram að 64% löggreglumanna hafði verið hótað eða þeir áreittir vegna starfs síns á þann hátt að þeir hefðu talið áreitið alvarlegt. Þá sögðust 54% þáttakenda hafa orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu og 41% hafði orðið fyrir því að hótunum eða öðru alvarlegu áreiti hafði verið beint gegn fjólskyldu þeirra vegna löggreglutarfsins. Um 37% þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir hótunum eða líkamsmeiðingum í starfi, eða að fjólskylda þeirra hefði orðið fyrir hótunum, sögðust hafa kært tilvikið. Peir sem höfðu orðið fyrir alvarlegum hótunum eða líkamsmeiðingum í löggreglutarfinu, eða fjólskyldu þeirra verið hótað, voru spurðir hvort þeir væru sáttir eða ósáttir við það hvernig tekið hefði verið á málunum innan löggreglunnar. Um 46% sögðust vera mjög eða frekar ósátt en 27% voru mjög eða frekar sátt. Af svörum löggreglumannanna má því draga þá ályktun að starf þeirra sé talsvert streituvaldandi og starfsaðstæður oft erfiðar og að stór hluti löggreglumanna verði fyrir hótunum og líkamlegu ofbeldi. Samkvæmt rannsókninni kæra fáir þessi atvik og stór hluti löggreglumanna er ósáttur við hvernig tekið hefur verið á þessum málum innan löggreglunnar.

Í október 2004 skipaði ríkislögreglustjóri vinnuhóp með þeim sem stóðu að viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar. Ástæðan var að viðhorfskönnunin var mjög viðamikil og tók til margra þátta löggreglutarfsins, auk ofbeldis gegn löggreglumönnum. Vinnuhópurinn var undir formennsku Ólafs P. Haukssonar, þáverandi sýslumanns á Akranesi. Niðurstöðum var síðan

skilað til ríkislöggreglustjóra 17. janúar 2005. Þar er lögð áhersla á það atriði að líkamsmeiðingar gegn lögreglumönum og hótanir í þeirra garð og fjölskyldna þeirra, séu hegningarlagabrot og teljist til brota gegn valdstjórninni. Brotin af þessu tagi séu alvarleg og veki að rótum starfa lögreglunnar. Því sé mikilvægt að refsheimildum laga verði beitt þegar tilefni er til og einnig að setja verði brot af þessu tagi í forgang, enda beinist þau fyrst og fremst að lögreglunni sem stofnun, en ekki einungis að einstökum lögreglumönum.

Vinnuhópurinn lagði til við ríkissaksóknara að hann setti reglur um samræmda afgreiðslu mála er varða ofbeldi gegn lögreglumönum og/eða brot gegn valdstjórninni, með sama hætti og hann hefur gert varðandi kærur á hendur lögreglumönum. Enn fremur verði að gaeta þess að mál þessi fái vandaða afgreiðslu þannig að þau standist umfjöllun dómstóla. Einnig var nefnt að því yrði beint annars vegar til stjórnenda og hins vegar lögreglumanna, að þeir létu sig afgreiðslu þessara mála varða og fylgdust vel með afdrifum þeirra. Að lokum er þess getið að lögreglumenn þurfi að gera greinarmun milli ofbeldis sem beinist að lögreglumönum vegna starfa þeirra og þeirrar andstöðu sem vænta má af fólkvið framkvæmd valdbeitingarúrræða lögreglunnar. Þetta kunni að vera erfitt í framkvæmd og kalli á skilgreiningu á því hvað teljist brot gegn valdstjórninni og hvenær sé um viðbúna undanfærslu fólks að ræða.

Árið 2005 gerði embætti ríkislöggreglustjóra svo könnun meðal lögreglumanna þar sem þeir voru spurðir um eigin upplifun. Könnunin byggir á svörum 397 lögreglumanna (þ.e. 61% starfandi lögreglumanna á þeim tíma) við póstkönnun sem framkvæmd var í apríl og maí 2005. Öllum starfandi lögreglumönum var boðið að svara spurningalisti í vinnutíma sínum. Helstu niðurstöður voru:

#### *Ofbeldi eða hótun á síðustu fimm árum*

- Um 70% lögreglumanna sögðust hafa orðið fyrir hótun í vinnu og 26% utan vinnutíma vegna starfs síns.
- Um 43% lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi án þess að hljóta meiðsli af í vinnu og sjö prósent utan vinnutíma.
- Um 40% lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi í starfi og þrjú prósent utan vinnutíma.
- Um 15% lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla við störf sín og tvö prósent utan vinnutíma.
- Um 4% lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka (brot, höfuðáverkar) í vinnu sinni og eitt prósent utan vinnutíma.
- Um eitt prósent lögreglumanna hafði orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar í vinnu en enginn hafði orðið fyrir svo alvarlegu ofbeldi utan hennar.

#### *Upplýsingar um síðasta atvik*

- Í flestum tilvikum (64%) var hótun um ofbeldi það ofbeldi sem lögreglumanni var síðast sýnt við störf. Því næst kom ofbeldi án meiðsla (19%) og ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla (13%).
- Um 31% atvika átti sér stað inni á lögreglustöð en þar á eftir var algengast (21%) að atvikið hefði átt sér stað utandyra og ekki staðsett nánar.
- Lögreglumenn urðu oftast fyrir ofbeldi á föstudögum og laugardögum en sjaldnast á mánudögum og miðvikudögum.
- Um 55% atvika áttu sér stað að nóttu til (milli kl. 00.01 og 08.00).
- Því alvarlegri sem afleiðingar ofbeldisins voru, þeim mun alvarlegra töldu lögreglumennir að atvikið hefði verið.
- Í yfir helmingi tilvika átti ofbeldið sér stað við handtöku en einnig var algengt að ofbeldið kæmi fram við afskipti af störfum lögreglu (15%), við rannsókn máls (15%) eða þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt (11%). Í fæstum tilvikum var um fyrirvaralausa áras að ræða.

- Í aðeins 14% tilvika leituðu löggreglumenn sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir ofbeldinu. Þeir leituðu sér frekar aðstoðar hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi en eftir stuðningi hjá maka, starfsfélaga eða vini.
- Rúmlega 5% löggreglumanna voru frá vinnu í einhvern tíma eftir síðasta atvik.
- Löggreglumenn voru í þriðjungi mála sáttir eða mjög sáttir við hvernig málið var meðhöndlað innan löggreglunnar en um 35% voru ósátt eða mjög ósátt með málarekstur innan löggreglunnar.
- Flestir löggreglumenn (28%) nefndu að aukin fagmennska á vettvangi gæti dregið úr líkum á ofbeldi gegn löggreglumönnum. Þessu til útskýringar voru nefnd atriði eins og dómgreind, þolinmæði, sanngirni, góðvild, ákveðni og kurteisi.

### Hvað segja þessar rannsóknir okkur?

Þegar rannsóknir á ofbeldi gegn löggreglumönnum eru skoðaðar kemur í ljós að ofbeldisbrot gegn löggreglumönnum eiga sér oftast stað á næturnar og um helgar og þá gjarnan á umráðasvæði löggreglu, svo sem í löggreglubifreið eða á varðstöð. Stundum er um að ræða einstaklinga sem einnig hafa verið handjárnaðir eða benslaðir vegna þess í hvaða ástandi þeir voru er löggregla hafði afskipti af þeim. Vera má að við þessar aðstæður hafi löggreglumenn ekki eins mikinn vara á sér en einnig ber að hafa í huga að mörg þessara mála fela í sér hótanir sem erfitt er að verjast með aðgerðum af hálfu löggreglumanna. Mikilvægt atriði í þessu sambandi er mynd- og hljóðupptökubúnaður á löggreglurstöðvum og í bifreiðum löggreglunnar sem draga á úr líkum á ofbeldi eða hótunum og jafnframt auðvelda framkvæmd löggreglurannsókna á þessum brotum.

Starfið setur löggreglumenn í þá hættu að verða fyrir ofbeldi þar sem eitt af hlutverkum þeirra er að halda uppi almannaöryggi og allsherjarreglu. Þegar fólk er beitt ofbeldi kemur löggregla til aðstoðar. Árið 2005 voru tæplega 1.300 brot gegn lífi og líkama, utan kynferðisbrota, tilkynnt til löggreglunnar í landinu (Ríkislögreglustjóri, 2006). Tilkynningar um ofbeldisbrot eru flestar á laugardögum og sunnudögum sem eru sömu dagar og ofbeldi gegn löggreglumönnum átti sér oftast stað. Það er því ljóst að löggreglan kemur að töluverðum fjölda mála þar sem átök eiga sér stað og í mörgum tilfellum er um yfirsærlu á árasargirni að ræða þar sem löggreglan hindrar framgang ofbeldis af hálfu sakbornings til brotaþola. Því má búast við átökum á vettvangi í vissum verkefnum löggreglumanna en til þess að draga úr líkum á meiðslum er mikilvægt að löggreglumenn séu vel þjálfaðir og samtaka á vettvangi.

Í raun má segja að í rannsóknum embættis ríkislögreglustjóra komi fram tvö þemu hvað varðar leiðir til að bregðast við og draga úr líkum á ofbeldisbrotum. Fyrst ber að nefna þætti sem snúa að þjálfun og búnaði löggreglumanna til að takast á við erfiðar aðstæður. Í annan stað má nefna viðbrögð kerfisins í kjölfar ofbeldis í garð löggreglunnar. Þjálfun löggreglumanna fer ekki eingöngu fram í Löggregluskólanum heldur er einnig mikilvægt að embætti þjálfí og samræmi vinnubrögð í erfiðum aðstæðum. Hraða þarf afgreiðslu mála þar sem ofbeldi beinist gegn starfsmanni löggreglu þannig að niðurstaða fáist sem fyrst. Til þess að auka starfsánægju löggreglumanna skiptir máli að þeir fái að fylgjast með ferlinu og séu upplýstir um ákvarðanir sem teknar eru í málum sem þeir tengjast. Til að hægt sé að hraða vinnslu mála er nauðsynlegt að skýrslugerð sé nákvæm.

Brot á 106. og 107. grein almennra hegningarlaga krefjast ásetnings geranda og því verður að huga vel að atvikslýsingi í frumskýrslu. Þegar litið er til fyrirbyggjandi aðgerða á ofbeldi gegn löggreglumönnum er hægt að framkvæma áhættumat (e. *risk assessment*) til að meta hvaða löggreglumenn verða fyrir ofbeldi, við hvaða aðstæður og með hvaða hætti. Rannsóknir embættis ríkislögreglustjóra veita upplýsingar fyrir áhættumat um þessi atriði. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í að skrá, fylgjast með og yfirfara tilvik ofbeldis gegn löggreglumönnum í þeim tilgangi að tryggja skilvirkni í úrvinnslu málanna. Út frá því er hægt að meta aðstæðubundna þætti sem tengjast forvörnum á ofbeldi og slysum en ýtarlegri greiningar er þörf á einstaklingsbundnum þáttum. Þegar kemur að viðbrögðum yfirstjórnar löggreglunnar við erfiðu atviki í störfum hennar er mikilvægt að veita starfsmanni þann stuðning sem hann þarf.

Skrifleg áætlun um viðbrögð stofnunarinnar þarf að vera til staðar með niðurstöðum úr áhættumati og mati á forvörnum sem unnt er að beita. Áætlunina þarf að kynna fyrir starfsfólki. Stuðningur í kjölfar áfalls í starfi er ekki aðeins til þess til að draga úr líkum á einkennum áfallastreitu, heldur einnig úr starfsþrotum og kulnunareinkennum. Lögreglumenn fá félagastuðning og stuðning fagfólks í kjölfar ofbeldis gegn þeim.

## Fjöldi lögreglumanna 2007-2010

Fjöldi lögreglumanna hefur sveiflast nokkuð mikil síðastliðin ár. Rekja má ástæður þess m.a. til aukinnar starfsmannaveltu, efnahagsþrenginga og brautskráningar úr Lögregluskóla ríkisins (LSR) en árið 2007 var enginn lögreglunemi brautskráður úr Lögregluskólanum. Árið 2008 voru hins vegar 77 nemendur brautskráðir úr Lögregluskólanum sem skýrir að hluta til tímabundna fjölgun lögreglumanna snemma árs 2009. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir fjölda lögreglumanna, þ.e. lögreglumenn sem lokið hafa prófi úr LSR og afleysingamenn, síðastliðin fjögur ár. Miðað er við fjölda lögreglumanna 1. febrúar hvert ár. Einnig má sjá yfirlit í töflu 1 yfir ársverk lögreglumanna síðastliðinn þrjú ár. Tölurnar innihalda ekki fjölda héraðslögreglumanna í umdæmi né fjöldi nemenda í Lögregluskólanum. Tölurnar eiga að endurspeglar þann fjölda lögreglumanna sem er við störf dag frá degi í umdæmunum.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna og fjöldi ársverka 2010–2007.

Umdæmi/embætti	2010– Fjöldi 1. febrúar	2009 – Fjöldi 1. febrúar	2009 – Ársverk	2008– Fjöldi 1. febrúar	2008 – Ársverk	2007– Fjöldi 1. febrúar	2007– Ársverk
Akranes	10	13	11,6	8	11,5	13	13,4
Akureyri	34	41	39,8	37	39,8	37	38,7
Blönduós	6	6	7,1	7	7,8	7	8,0
Borgarnes	9	9	9,2	9	9,9	9	9,7
Eskifjörður	15	14	16,9	15	17,8	16	15,4
Húsavík	11	9	9,5	9	9,7	10	9,7
Hvolsvöllur	10	11	10,1	7	9,7	8	8,8
Höfuðborgarsvæðið	309	319	302,3	298	312,4	339	341,0
Lögregluskólinn	8	9	25,4	9	33,7	9	10,5
Ríkislögreglustjórin	87	92	86,8	89	89,4	94	93,7
Sauðárkrúkur	8	9	9,8	9	9,6	9	8,8
Selfoss	26	30	28,4	25	28,5	25	27,1
Seyðisfjörður	8	12	9,3	10	9,9	11	11,0
Snæfellsnes	7	7	9,9	10	10,6	8	10,0
Suðurnes	85	96	85,1	82	88,4	85	88,6
Vestfirðir	21	24	23,5	23	23,6	20	23,4
Vestmannaeyjar	8	11	11,4	13	11,4	12	12,1
<b>Samtals</b>	<b>662</b>	<b>712</b>	<b>695,9</b>	<b>660</b>	<b>723,7</b>	<b>712</b>	<b>729,9</b>

Eins og sjá má hefur lögreglumönnum fækkað úr 712 í 662 milli ára eða um 60 talsins. Hins vegar er fjöldi þeirra nú svipaður og árið 2008. Það sem skýrir einna helst þessa tímabundnu fjölgun árið 2009 er að samtals voru 77 nemendur útskrifaðir í maí og desember 2008. Sé miðað við 1. febrúar 2007 er lögreglan nú 60 lögreglumönnum færri en hún var árið 2007.

Ársverkum hefur farið fækkandi síðastliðin ár. Í ársskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008 kemur fram að löggreglumenn unnu samtals 696 ársverk á árinu 2009 sem er fækkun á ársverkum frá árinu áður, en þá voru þau 724. Ársverkum fækkaði sem sé um 4% og hafa þau ekki verið svona fá í yfir 10 ár. Árið 2001 voru ársverk löggreglumanna 708,93, sem er um 13 ársverkum meira en árið 2009. Flest voru ársverkin 741 árið 2006 og hefur þeim því fækkað um 45 á síðustu þremur árum.

## Fjöldi skráðra brota gegn valdstjórninni

Í þessum hluta greinargerðarinnar er fjallað almennt um fjölda brota gegn valdstjórninni síðastliðin ár en megináherslan er á tiltekin brot er snerta löggreglumenn, s.s. ofbeldi gegn löggreglumönnum, hótanir í garð löggreglumanna o.fl. Í þessum kafla verður einnig farið yfir stöðu þessara mála í refsivörslukerfinu, vettvang brotanna og tíma.


Á mynd 1 má sjá fjóra brotaflokka sem skilgreindir hafa verið sem brot gegn valdstjórninni. Ofbeldi og hótanir gegn löggreglumönnum falla undir 106. og 107. gr. hegningarlaga. Bann við að tálma lögreglu eða fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt falla undir löggreglulögin. Sjá má að skráðum brotum fækkar í öllum brotaflokum árið 2009 samanborið við árið 2008. Alvarlegustu brotunum hefur fækkað síðan 2007. Þetta eru nokkuð áhugaverðar upplýsingar í ljósi þess hversu oft lögreglan sinnti óeirðastjórn á árunum 2008 og 2009. Hótunum fjölgaði verulega árið 2008 en fækkaði síðan árið 2009.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir fjölda brota gegn valdstjórninni fyrir árin 2007–2009 og fyrstu mánuði ársins 2010. Skráð brot gegn valdstjórninni voru 16% færri árið 2009 samanborið við árið 2007. Brot gegn valdstjórninni eru ekki einungis brot gegn löggreglumönnum. Fyrir vikið verða þeir brotaflokkar er snúa að löggreglunni skoðaðir nánar hér að neðan. Ástæðan fyrir færri brotum kann að vera raunveruleg fækkun eða að lögreglan kæri ekki brot gegn valdstjórninni í sama mæli og áður, þ.e. þegar löggreglumenn verða fyrir ofbeldi eða hótunum.

Tafla 2. Sundurliðun á fjölda brota gegn valdstjórninni árin 2007–2009 og fyrstu 6 mánuði 2010.

	2010 (fyrstu 6 máñ.)	2009	2008	2007	% breyting milli 2007– 2009
Brot gegn valdstjórninni	73	218	252	260	-16,2%

Flest ofbeldisbrotin síðastliðin ár eru framin á sumrin líkt og fram kemur í rannsókn ríkislögreglustjóra á ofbeldi gegn löggreglumönnum, sem gefin var út árið 2007. Frá byrjun júní til loka ágúst eru að jafnaði 30–40% allra ofbeldisbrota gagnvart löggreglunni skráð. Flest voru þau sumarið 2008 eða um 40%. Mótmæli borgara í tengslum við efnahagshrunið voru hvað mest frá október 2008 til janúar 2009. Þegar þetta tímabil er skoðað kemur í ljós að skráð ofbeldisbrot voru ekki fleiri en alla jafna eru á þessu tímabili í hefðbundnu árferði. Þess má geta að fleiri ofbeldisbrot gegn löggreglunni voru skráð frá október 2007 til janúar 2008 samanborið við tímabilið í kjölfar efnahagshrunsins. Hótun um ofbeldi gagnvart löggreglumann var bætt inn sem skilgreiningu í málaskrá löggreglunnar árið 2006, sem skýrir að miklu leyti hversu fáar hótanir voru árið 2006.



Mynd 1. Fjöldi tiltekinna brota gegn valdstjórninni árin 2006–2009.

### Ofbeldi gagnvart löggreglumönnum

Í töflu 3 má sjá hvernig skráð ofbeldisbrot gagnvart löggreglumönnum síðastliðin þrjú ár skiptast niður á embætti. Langflest brotin eru skráð á höfuðborgarsvæðinu, flest voru þau 65% árið 2009 en 51% árið 2008 en þá fjölgæði þeim verulega á Suðurnesjum og voru 19% af heildarfjölda ofbeldisbrota gagnvart löggreglu það árið. Almennt séð eru álíka mörg brot á hverju ári hjá löggregluembættum og lítil breyting. Helst var það á Suðurnesjum árið 2008 þegar þeim fjölgæði tímabundið verulega og einnig á Vestfjörðum það sama ár. 11 embætti af 15 skráðu 0–2 ofbeldisbrot árið 2009.

Tafla 3. Löggreglumenn, ofbeldi gagnvart löggreglumönnum (106. og 107. gr. hgl.)

Embætti/ár	2009	2008	2007
Akranes	1	0	2
Akureyri	9	10	10
Blönduós	1	1	3
Borgarnes	1	2	2
Eskifjörður	1	2	3
Húsavík	1	1	1
Hvolsvöllur	0	0	2
Höfuðborgarsvæðið	70	60	72
Sauðárkrúkur	0	3	1
Selfoss	2	5	4
Seyðisfjörður	2	0	0
Snæfellsnes	1	1	1
Suðurnes	12	23	15
Vestfirðir	1	8	3
Vestmannaeyjar	6	2	1
<b>Samtals</b>	<b>108</b>	<b>118</b>	<b>120</b>

## Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Í töflu 4 má sjá yfirlit yfir fjölda hótana gagnvart lögreglumönum síðastliðin þrjú ár eftir embættum. Flest brotin eru á höfuðborgarsvæðinu en þeim hefur farið þó nokkuð fækkandi þar síðan 2007 þegar þau voru 63% af heildarfjölda hótana. Árið 2008 og 2009 voru hótanir á höfuðborgarsvæðinu á milli 40–45%, á sama tíma fjölgaði þeim verulega á Suðurnesjum og voru 27% árið 2008 og 18% árið 2009 samanborið við 9% árið 2007. Sjö embætti af 15 skráðu eina hótun eða færri árið 2009 og þrjú embætti skráðu tvær hótanir.

Tafla 4. Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni (106.–107. gr. hgl.)

Embætti/ár	2009	2008	2007
Akranes	1	1	1
Akureyri	6	10	6
Blönduós	0	0	1
Borgarnes	2	3	2
Eskifjörður	2	2	1
Húsavík	1	1	1
Hvolsvöllur	1	0	1
Höfuðborgarsvæðið	30	32	41
Sauðárkrúkur	1	0	0
Selfoss	3	0	2
Seyðisfjörður	1	2	1
Snæfellsnes	2	0	0
Suðurnes	12	21	6
Vestfirðir	0	5	2
Vestmannaeyjar	4	2	0
<b>Samtals</b>	<b>66</b>	<b>79</b>	<b>65</b>

## Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt

Í töflu 5 má sjá yfirlit yfir þau skipti sem fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt skv. málaskrá lögreglunnar síðastliðin þrjú ár. Árið 2008 fjölgaði þeim tilfellum um rúm 12% samanborið við árið 2007. Þeim fækkaði hins vegar um 23% árið 2009 samanborið við árið 2008 og voru þó nokkru færri en árið 2007. Flest eru þessi tilfelli á höfuðborgarsvæðinu en þeim hefur farið fækkandi þar. Árið 2007 voru 70% allra tilfella þar sem fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt á höfuðborgarsvæðinu en þau voru komin í 58% árið 2009. Á Suðurnesjum hefur þessum tilfellum fjölgað jafnt og þétt síðan 2007. Voru þau um 11% af heildarfjölda allra tilfella þar sem fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt árið 2007 en voru komin í 20% árið 2009. Hjá 12 lögregluembættum var fjöldi þessara tilfella á bilinu 0–3 á árinu 2009.

Tafla 5. Fyrirmælum löggreglu ekki hlýtt (19. gr. lögreglulaga)

Embætti/ár	2009	2008	2007
Akranes	1	3	0
Akureyri	7	4	6
Blönduós	2	1	1
Borgarnes	3	1	2
Eskifjörður	2	0	0
Húsavík	3	1	0
Hvolsvöllur	2	4	0
Höfuðborgarsvæðið	76	103	106
Sauðárkrúkur	0	2	0
Selfoss	3	16	10
Seyðisfjörður	1	1	2
Snæfellsnes	0	3	2
Suðurnes	26	23	17
Vestfirðir	2	7	4
Vestmannaeyjar	3	1	2
<b>Samtals</b>	<b>131</b>	<b>170</b>	<b>152</b>

### Bann við að tálma löggreglu í störfum sínum

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni löggreglustörfum. Árið 2009 var heildarfjöldi þessara brota 11, árið 2008 voru þau 12 en 16 árið 2007. Um er að ræða óvenju fá tilfelli og hjá flestum löggregluembættum voru engin brot skráð árið 2009. Þrjú embætti skráðu tilfelli þar sem lögreglumanninn var tálmað við störf árið 2009.

### Ferill ofbeldisbrota og hótana í málaskrá löggreglu

Pegar ferill mála er skoðaður í töflu 6 má sjá að á síðastliðnum þremur árum hafa 238 ofbeldisbrot, þ.e. hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanninn og ofbeldi gagnvart lögreglumanninn, farið í ákærumeðferð. Það eru því um 43% þessara brota, sem er nokkru hærra en fram kemur í rannsókn á ofbeldi gegn lögreglumönnum, en á árunum 2000–2005 fóru um 23% mála í ákærumeðferð. Hafa ber í huga að nokkur mál frá árinu 2009 hafa ekki verið sett í lokaferil og því gæti þetta hlutfall hækkað. Rannsókn var hætt í um 47% þessara mála; þetta hlutfall kann að hækka samfara því að fleiri mál verða sett í lokaferil. Það bíða 32 mál afgreiðslu, þ.e. málið er hjá lögreglumanninn sem taka mun ákvörðun um framhald málsins. Mikilvægt er að koma þessum málum í farveg sem fyrst, hvort sem það er rannsókn eða eitthvað annað.

Tafla 6. Ferill mála\* í lögreglukerfinu 2. júlí 2010 fyrir árin 2007–2009.

Staða	2009	2008	2007	Samtals
Ákærumeðferð	61	95	82	238
Rannsókn hætt	80	83	92	255
Til afgreiðslu	18	6	8	32
Í rannsókn	9	1		10
Annað	3	6	4	13
<b>Samtals</b>	<b>171</b>	<b>191</b>	<b>186</b>	<b>548</b>

\* Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanninn og ofbeldi gagnvart lögreglumanninn.

## Ferill ofbeldisbrota og hótana í málaskrá ákæruvalds

Í töflu 7 má sjá nánari greiningu á stöðu mála sem fóru í ákærumeðferð á árunum 2009–2007. Um 50% málanna hefur þegar verið lokið með dómi, þ.e. héraðsdómi eða hæstaréttardómi. Um 23% málanna voru feldl niður skv. 145. gr. laga um meðferð sakamála. Þó nokkrum málum frá árinu 2009 er ekki lokið og því kann hlutfallslegur fjöldi mála sem enda með dómi að hækka eða lækka.

Tafla 7. Ferill mála\* í málaskrá ákæruvaldsins 2. júlí 2010 fyrir árin 2007–2009.

Staða	2009	2008	2007	Samtals
Ákæra	12			12
Fallið frá saksókn		7	5	12
Fallið frá saksókn (146)	9			9
Fellt niður skv. 145.	8	26	20	54
Hæstaréttardómur	1	4	11	16
Máli lokið með frávísun	1			1
Máli lokið með héraðsdómi	12	49	41	102
Annað	17	8	6	31
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>94</b>	<b>83</b>	<b>237</b>

\* Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni og ofbeldi gagnvart lögreglumanni.

## Áverkar lögreglumanna við skyldustörf – slys og ofbeldisbrot

Lögreglumenn eiga á hættu að verða beittir ofbeldi eða verða fyrir slysi í starfi sínu. Í þeim tilfellum sem lögreglumenn eru beittir ofbeldi er jafnan talað um brot gegn valdstjórninni og hefur verið fjallað ítarlega um þau mál hér að framan. Þegar lögreglumenn eru beittir ofbeldi eða lenda í slysi er hætt á að þeir verði fyrir skaða sem kalli á kröfu um bætur. Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður hefur haldið utan um mál lögreglumanna, þó ekki sé hægt að útiloka að lögreglumenn sem gert hafa kröfu um bætur vegna líkamstjóna sem þeir hafa orðið fyrir, bæði vegna ofbeldismála og slysa, leiti einnig annað. Embætti ríkislögreglustjóra leitaði til Gylfa og óskaði eftir upplýsingum um heildarfjölda skaðabótamála, greint niður eftir ofbeldi/slysum, vettvangi, tíma, embætti, kyni og líkamstjóni. Að sögn Gylfa er ekki um tæmandi lista að ræða enda ekki til sérstök skrá yfir tjón lögreglumanna. Gylfi hefur m.a. borið saman greiðslur frá Vátryggingafélagi Íslands og ríkissjóði til að ná málunum fram.


Mál lögreglumanna snerta aðallega þrjá greinar í skaðabótalögum nr. 50/1993.

- Grein 4 um varanlegan miska. Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónpola
- Grein 5 um varanlega örorku. Valdi líkamstjón, þegar heilsufar tjónpola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónpoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.
- Grein 26 um bætur fyrir miska (minniháttar áverkar).

Þeir sem falla undir fimmtu greinina eru með hlutfallslega varanlega örorku. Það þýðir ekki að lögreglumaður sé óstarfhæfur en tveir lögreglumenn hafa þurft að láta af störfum þar sem örorka þeirra háði þeim það mikið við störf. Segja má að í flestum málum sem falla undir fimmtu greinina sé um innan við 10% örorku að ræða. Sé örorkan er yfir 10% má áætla að hún sé farin að hafa verulega áhrif á starfsgetu einstaklings.


Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir ofbeldismál og slys þar sem lögreglumenn sóttu um skaðabætur. Málum þar sem lögreglumenn verða fyrir ofbeldi fækkar lítillega milli ára, úr 23 í 19. Slysum fækkar einnig, úr 12 í 11. Ofbeldismálin á þessu tímabili má aðallega greina í two flokka, annars vegar áverka sem lögreglumenn verða fyrir í mótmælum, hins vegar áverka sem

löggreglumenn verða fyrir þegar þeir hafa afskipti af fólk. Löggreglumenn urðu fyrir ofbeldi á þeim stöðum sem mótmæli fóru fram árið 2008 og 2009, á löggreglustöð og á vettvangi, þ.e. heimahúsi, skemmtistað o.s.frv. Slys löggreglumanna verða í umferðinni, sérstaklega meðal bifhjólamanna og á æfingum hjá sérsviteitinni.



Mynd 2. Fjöldi ofbeldismála og slysa árin 2008–2009 þar sem löggreglumenn sóttu um skaðabætur.


Á mynd 3 má sjá nánari greiningu á þeim ofbeldisbrotum sem löggreglumenn urðu fyrir á árinu 2008 og 2009. Búið er að flokka kröfur löggreglumanna eftir greinum í skaðabótalögum. Greina má að minniháttar áverkum, þ.e. miskabótum skv. 26. gr. skaðabótalauga, fækkar milli ára. Ekkert mál fellur undir 4. gr. árið 2009 og þeim fækkar um helming sem falla undir 4. gr. og 5. gr. árið 2009. Eins og fram hefur komið eru alvarlegustu áverkarnir þeir sem valda varanlegrí örorku, þ.e. fimminta greinin, og þeim fækkar milli ára. Hafa ber í huga að flestir löggreglumenn starfa áfram þótt þeir teljist vera með varanlega örorku. Í sex tilvikum fyrir árið 2009 er óljóst undir hvaða grein skaðabótalaganna málin munu falla en meiri líkur en minni eru á að afleiðingarnar falli undir 4. og 5. grein því beðið er í eitt ár frá tjónsdegi með að meta afleiðingarnar. Því kunna fleiri mál að falla undir 4. og 5. gr. laganna þegar fram líða stundir.



Mynd 3. Fjöldi ofbeldismála árin 2008–2009 eftir greinum í skaðabótalögum.

Á mynd 4 má sjá nánari greiningu á þeim slysum sem löggreglumenn urðu fyrir á árin 2008 og 2009. Búið er að flokka kröfur löggreglumanna eftir greinum í skaðabótalögum. Fá slys sem löggreglumenn verða fyrir falla undir 26. greinina. Flest málin falla undir 4. og 5. gr.

skaðabótalaga sem gefur til kynna að lögreglumenn eru líklegir til að greinast með varanlega örorku lendi þeir í slysi í vinnunni. Þessum málum fækkar milli ára en óljóst er með afdrif fjögurra mála og því kunna þau að verða álíka mörg og árið 2008 þegar niðurstaða fæst í þeim. Það sem er áhugavert þegar myndir 3 og 4 eru skoðaðar er að lögreglumenn eru líklegri til að verða fyrir meiri áverkum, þ.e. varanlegri örorku, þegar þeir lenda í slysum heldur en í ofbeldi.



Mynd 4. Fjöldi slysa árin 2008–2009 eftir greinum í skaðabótalögum.

Á heildina litið er ekki um mörg ofbeldismál eða slys að ræða á ári hverju. Þegar farið er nánar yfir ofbeldisbrotin sem lögreglumenn verða fyrir kemur í ljós að í þó nokkrum þeirra er óljóst hver framdi verknaðinn. Sérstaklega var þetta áberandi í mótmælunum þar sem mikið var að gerast. Fyrir vikið hafa fáir verið kærðir fyrir brot gegn valdstjórninni í málum sem tengjast mótmælunum.

Skoða þarf hvert mál fyrir sig og greina hvaða úrræðum sé rétt að beita til að draga úr slysahættu og til að koma í veg fyrir ofbeldisbrot. Flest slysin urðu í umferðinni en þess má geta að unnið hefur verið ötllega að því að bæta akstur lögreglumanna, m.a. með akstursþjálfunarátaki (AMF) sem hófst síðla árs 2008. Þjálfadír voru 116 lögreglumenn á árinu 2009 og í árslok 2009 höfðu alls 138 hlutið þjálfun í AMF.

Í mótmælunum er nokkuð ljóst að rafstuðtæki hefðu ekki komið að notum. Álycta má að góður óeirðabúnaður lögreglunnar hafi að miklu leyti komið í veg fyrir alvarlegri áverka þeirra lögreglumanna sem urðu fyrir meiðslum. Ljóst er að lögreglumenn fór ekki alltaf nógu vel útbúnir í útköll og við því þarf að bregðast. Ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum verða nokkuð oft á lögreglustöð; skoða þarf hvernig hægt sé að tryggja betur öryggi lögreglumanna þar. Aðstæður og aðdragandi flestra ofbeldisbrota var með þeim hætti að notkun rafþyssa hefði ekki komið að notum nema í örfáum tilvikum.

### Fjöldi ofbeldismála þar sem sérsveit er kölluð á vettvang til aðstoðar

Algengt er að vaktbifreið sérsveitar sé send, ásamt lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu, á vettvang þar sem grunur er um ofbeldismál. Tilgangur veru sérsveitar á vettvangi er að auka öryggi og öryggistilfinningu annarra lögreglumanna. Flest tilfellen eru vegna slagsmála í miðbænum. Í töflu 8 má sjá yfirlit yfir þau skipti þar sem sérsveit var kölluð út til að styðja við lögreglumenn þar sem hætta var á ofbeldi. Þess ber að geta að vaktbifreið sérsveitar á höfuðborgarsvæðinu er stundum send ein á vettvang vegna ofbeldismála, en það er í innan við 10% tilfella.

Tafla 8. Fjöldi mála þar sem sérsveitin var kölluð til, til að styðja við almenna lögreglumenn vegna hættu á ofbeldi árið 2009.

Mánuður	Fjöldi
Janúar	45
Febrúar	27
Mars	13
Apríl	17
Maí	20
Júní	32
Júlí	29
Ágúst	41
September	13
Október	20
Nóvember	19
Desember	17
Samtals	293

## Valdbeitingartæki og öryggisbúnaður

### Varnarvesti

Á vegum embættisins er sífellt til skoðunar hvernig hægt sé að bæta búnað lögreglumanna og auka öryggi þeirra. Einn þáttur í því var að skoða varnarvesti og annan hlífðarfatnað sem veitir vörn ef ráðist er gegn lögreglumanni. Með bréfi dags. 22. febrúar 2008 var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu send greinargerð um notkun á innanklæðavestum hjá lögreglunni. Í þeiri greinargerð var lagt til við ráðuneytið að það veitti fjármunum í tilraunaverkefni sem stæði yfir í eitt ár.

Með hliðsjón af áras á lögreglumenn við störf að Laugavegi 77 þann 11. janúar 2008 ákvað dóms- og kirkjumálaráðuneytið að LRH myndi með fjárveitingu af safnlið ráðuneytisins kaupa varnarvesti til notkunar hjá útkallsliði LRH. Var litið svo á að um tilraunaverkefni væri að ræða. Ríkislögreglustjóra hafa ekki borist neinar upplýsingar um stöðu þessa verkefnis, en lítur svo á að LRH hafi haldið ráðuneytinu upplýstu um stöðu mála.

Ríkislögreglustjóri hélt áfram greiningarvinnu um kosti og galla varnarvesta ásamt því að meta einstakar gerðir slíkra vesta. Með umburðarbréfi, dags. 7. maí sl., var löggreglustjórum kynnt samþykki ríkislögreglustjóra fyrir notkun á tveimur gerðum varnarvesta til viðbótar við þau vesti sem þegar voru í notkun hjá sérsveit ríkislögreglustjóra og hjá lögregluliðum landsins. Embætti ríkislögreglustjóra hefur útvegað öllum lögregluliðum lágmarksfjölda af útkallsskotvestum sem eru tiltæk á löggreglustöðvum.

Lögreglan hefur nú til viðbótar keypt um 200 varnarvesti og eru þau í notkun hjá eftirfarandi lögregluliðum: lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum, sérsveit ríkislögreglustjóra og löggreglustjóranum á Snæfellsnesi. Er það mat embættisins að notkun varnarvesta sé til þess fallin að auka öryggi lögreglumanna án þess að auka mögulega valdbeitingu.

### Rafstuðtæki

Árið 2007 hófst skoðun á Taser-búnaði (rafstuðtæki) hjá ríkislögreglustjóra og var mat lagt á hvort slík tæki gætu aukið öryggi almennings og lögreglumanna. Með bréfi dags. 21. október 2008 var dóms- og kirkjumálaráðherra send greinargerð embættisins um Taser X26. Niðurstaða embættisins var sú að reyna ætti tækið í tilraunaskyni og að sérsveit

ríkislögreglustjóra yrði heimilt að nota það sem eitt af valdbeitingartækjum sérsvéitar. Ekki var gerð tillaga um að aðrir lögreglumenn en sérsvéitarmenn notuðu búnað þennan.

Tillaga embættisins byggði m.a. á því að embættið hafði keypt þrjú tæki til þess að leggja mat á búnaðinn. Allir sérsvéitarmenn hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna og lokið þjálfun í meðferð tækisins. Í þeirri þjálfun fólst m.a. beiting tækisins og einnig prufa á því hvernig er að verða þoland. Kostnaður við slíkt tilraunaverkefni er því óverulegur þar sem búið er að fjárfesta í öllum nauðsynlegum búnaði.

Ráðuneytinu var bent á að skýr lagaheimild þyrfti að vera fyrir hendi um notkun þessa búnaðar svo og annars valdbeitingarbúnaðar lögreglu ásamt verklagsreglum um meðferð og heimildir til notkunar búnaðar. Vegna viðbragða dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í framhaldi af tillögu ríkislögreglustjóra ákvað ríkislögreglustjóri í samráði við Arnar Guðmundsson, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, að setja á fót vinnuhóp undir stjórn skólastjórans. Niðurstaða vinnuhópsins var að gildandi regluverk um búnað þann sem lögreglan notar væri nægjanlega skýrt til notkunar á þeim búnaði sem hún hefur í dag. Auk þess var það mat vinnuhópsins að regluverkið gæti dugað til þess að bæta Taser X26 rafstuðtækinu við þann búnað sem lögreglan hefur til notkunar. Vinnuhópurinn taldi einnig að það væri til bóta að styrkja regluverkið og mæltist til þess að það væri gert samhliða endurskoðun á lögreglulögum.

Með bréfi dags. 7. apríl 2009 var ráðuneytinu kynnt skýrsla vinnuhópsins ásamt ósk ríkislögreglustjóra um að ábendingum vinnuhópsins yrði hrint í framkvæmd. Ríkislögreglustjóri lítur svo á að ráðuneytið sé að meta framhald málsins samhliða endurskoðun lögreglulaga sbr. tillögu vinnuhópsins.

Þá er rétt að áréttu það að mikilvægt er að áður en ný vopn eru tekin upp fyrir lögregluna í landinu hafi þau fyrst verið reynd af sérsvéit ríkislögreglustjóra. Þetta er ekki ný stefna og má m.a. benda á að áður en varnarúðinn var tekinn upp fyrir almenna lögreglumenn var sérsvéitin áður búin að nota hann í nokkur ár. Einnig verður að hafa í huga að ef vopna ætti almenna lögreglumenn rafbyssum yrði samfara því mikill kostnaður, bæði vegna kaupa á tækjum og þjálfunar í notkun þeirra. Enn fremur er ljóst að þau tilvik þar sem slíkum vopnum væri beitt eru almennt útköll sem sérsvéitarmenn eru að jafnaði kallaðir í.

Breska innanríkisráðuneytið (The Home Office) og lögreglan í Bretlandi hafa gert ítarlega rannsókn á Taser-vopnum. Niðurstöður þeirra eru að gagnsemi Taser við aðgerðir lögreglu vegi þyngra en hugsanleg skaðleg áhrif á heilsu og möguleiki á misnotkun þeirra. Hins vegar hefur því verið haldið fram m.a. af vísindamönnum við Bradford-háskóla að sársaukafull og niðurlægjandi áhrif Tasers, möguleikinn á misnotkun hans og tilheyrandi heilsufarsleg áhætta vegi þyngra í ákvörðun um notkun Tasers. Viðtækari dreifing á Taser en til sérsvéitar gæti leitt til þess að Taser yrði notaður sem tól til að kalla fram hlýðni fólks, líkt og reynsla Bandaríkjumanna hefur leitt í ljós. Slíkt myndi leiða til lakara trausts til lögreglunnar og gera henni þar með erfiðara fyrir við að leysa þau verkefni sem henni er ætlað í samfélagit.

### Kaup á búnaði, þjálfun og rannsóknir

Ríkislögreglustjóri hefur alltaf lagt mjög mikla áherslu á að auka öryggi lögreglumanna og bæta starfsumhverfi þeirra. Meðal þess sem ríkislögreglustjóri hefur unnið að síðastliðin ár er að rannasaka nánar umfang ofbeldis gegn lögreglumönum og kom út viðamikil skýrsla um ofbeldi gegn lögreglumönum árið 2007. Síðan 2002 hefur ríkislögreglustjóri keypt hlífðar- og varnarbúnað fyrir lögregluna, m.a. í tengslum við NATO fund utanríkisráðherra bandalagsins. Einnig var tekið upp sérstakt skipulag og þjálfaður stór hópur lögreglumanna í sérstaka mannfjöldastjórnunarflokk. Eyewitness búnaði hefur verið komið fyrir í flest alla lögreglubíla en takið tekur upp hreyfimyndar sem m.a. er hægt að nýta sem sönnunargagn í máli. Í kjölfar efnahagshrunsins hófst vinna við að hanna og smíða grindur til að nota við mannfjöldastjórnun, en þær er m.a. til þess fallnar að auka öryggi lögreglumanna. Á þessu ári

hefur verið unnið að því að fjölda í mannfjöldastjórnunarliði löggreglunnar, endurnýja og auka búnað fyrir hópana, og hefur það gengið vel.

Fyrir utan kaup ríkislöggreglustjóra á ýmsum tækjum til að auka öryggi löggreglumanna hefur embættið staðið að aukinni fræðslu og þjálfun fyrir löggreglumenn í samstarfi við Löggregluskólann og löggregluna á höfuðborgarsvæðinu. Má hér nefna kennslu og þjálfun óeirðahópa, akstur með forgangi og ýmis sérnámskeið í valdbeitingu löggreglunnar. Ríkislöggreglustjóri hefur einnig lagt áherslu á að styðja við andlega eða sálfræðilega þáttinn sem getur reynst mörgum þolendum ofbeldis erfitt að yfirsíga. Búið er að koma upp félagsstuðningskerfi fyrir löggreglumenn auk þess sem fyrirkomulag um sálfræðiaðstoð og önnur úrræði er í boði.

## Niðurstöður og tillögur

Ofbeldisbrotum gegn löggreglu hefur ekki fjölgáð síðastliðin ár. Árið 2009 voru 108 ofbeldisbrot skráð sem er aðeins fyrir neðan meðaltal síðustu fjögurra ára. Á Norðurlöndunum hefur aðeins löggreglan í Finnlandi tekið í notkun rafstuðtæki. Í Skotlandi er í gangi tilraunaverkefni þar sem takmarkaður fjöldi löggreglumanna hefur gengið með rafþyssurnar, en því er ekki lokið. Ekki er hægt að segja að rafstuðtæki séu orðinn hluti af staðalbúnaði löggreglumanna um heim allan. Þar sem þau hafa verið í hvað mestri notkun, þ.e. í Kanada og Bandaríkjunum, hafa nærri 300 dauðsföll verið tengd notkun þeirra. Sé tekið mið af þessum þáttum og því að brotum hefur ekki fjölgáð umtalsvert á Íslandi, fækkað ef eitthvað er, þá er það mat ríkislöggreglustjóra að slík tæki eigi ekki að taka í almenna notkun á Íslandi. Hins vegar sé vert að kanna hvort sérsvéitin eigi að prófa frekar þessi tæki og hafa sem hluta af sínum staðalbúnaði tímabundið.

Það er mat ríkislöggreglustjóra að löggreglan sé komin að þolmörkum hvað varðar heildarstarfsmannafjölda miðað að við núverandi skipulag. Frekari fækkun löggreglumanna er líkleg til að draga úr öryggi löggreglumanna þar sem löggreglustjórar munu þurfa að fækka á vöktum og láta löggreglumenn starfa eina fremur en með félaga. Mikilvægt er að löggreglustjórar leggi faglegt mat á öryggi löggreglumanna og geri viðeigandi ráðstafanir. Sjáí þeir að öryggi löggreglumanna sé stefnt í hættu vegna manneklu eða skorts á búnaði bregðist þeir við og upplýsi ríkislöggreglustjóra um stöðu mála. Það sem mestu máli skiptir varðandi öryggismál löggreglumanna er að halda áfram uppbyggingu búnaðar til að mæta óeirðum og hyggja enn frekar að þjálfunarmálum löggreglumanna.

Þegar rannsókn ríkislöggreglustjóra frá 2007 er skoðuð kemur í ljós að ofbeldisbrot gegn löggreglumönnum eiga sér oftast stað á nöttinni og um helgar og þá gjarnan á umráðasvæði löggreglu, svo sem í löggreglublfreið eða á varðstöð. Stundum er um að ræða einstaklinga sem einnig hafa verið handjárnaðir eða benslaðir vegna þess í hvaða ástandi þeir voru er löggregla hafði afskipti af þeim. Vera má að við þessar aðstæður hafi löggreglumenn ekki eins mikinn vara á sér en einnig ber að hafa í huga að mörg þessara mála fela í sér hótanir sem erfitt er að verjast með aðgerðum af hálfu löggreglumanna.

Í níu af hverjum tíu málum þar sem löggreglumenn brugðust við fjöldaóspektum, og þeim var síðar sýnt ofbeldi, vissu þeir fyrir fram um ofbeldi eða slagsmál á vettvangi. Huga má betur að því hvernig löggreglan bregst við fjöldaóspektum auk þess sem tryggja þarf að löggreglumenn fari ekki fáliðaðir inn á slíkan vettvang þar sem þeir geti sett sjálfa sig í hættu og orðið til þess að ástand á vettvangi stigmagnist. Þessu var mætt með stofnun óeirðahóps hjá löggreglu höfuðborgarsvæðisins vegna stærri verkefna en hópamynndun á sér einnig stað án fyrirvara, á næturnar um helgar.

Tilkynningar um ofbeldisbrot eru flestar á laugardögum og sunnudögum sem eru sömu dagar og ofbeldi gegn löggreglumönnum á sér oftast stað. Það er því ljóst að löggreglan kemur að tölverðum fjölda mála þar sem átök eiga sér stað og í mörgum tilfellum er um yfirlæsing á

árásargirni að ræða þar sem lögreglan hindrar framgang ofbeldis af hálfu sakbornings til brotaþola. Því má búast við átökum á vettvangi í vissum verkefnum lögreglumanna en til þess að draga úr líkum á meiðslum er mikilvægt að lögreglumenn séu vel þjálfaðir og samtaka á vettvangi, auk þess sem þeir þurfa að vera nægjanlega margir til að unnt sé að tryggja notkun viðurkenndra lögreglutaka og þannig draga úr líkum á að lögreglumenn og aðlar máls hljóti skaða af. Með því að hafa rúman fjölda lögreglumanna á vakt má auka öryggi og öryggistilfinningu lögreglumanna.